

**Fundargerð 386. fundar  
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 13. maí, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri  
*Fjarverandi*  
Jóhanna Traustadóttir, ritari

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Starfssemin á skrifstofu á tímum COVID- 19
4. Kjaraviðræður, kynning á kjarasamningi og atkvæðagreiðsla
5. Fagháskólanám sjúkraliða, framvinda og staða málsins. Ályktun
6. Kynningarfundir vegna nýgerðra kjarasamninga
7. Fundur á Hornafirði vegna kjarasamnings og yfirfærslu til HSU.
8. Fjárhagsáætlun Suðurnesjudeildar afgreidd

**Önnur mál**

**Fundargerð**

**1. Fundur settur**

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund að loknu fjarfundatímabili. Fram kom að Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ væri í fríu og kæmi ekki á fundinn.

**2. Fundargerð síðasta fundar**

GÖG framkvæmdastjóri SLFÍ gerði grein fyrir að síðustu tvær fundargerðir sem voru eftir fjarfundu, væru samþykktar og komnar á netið.

**3. Starfssemi SLFÍ á tímum COVID – 19**

SBF fór yfir að starfssemi skrifstofunnar hefði mótast af tilmælum heilbrigðisyfirvalda, þ.e. skrifstofan var lokað frá 23. mars, en síminn var opin frá kl. 13.00 til 16.00. Á þeim tíma þegar veirusmit voru hvað skæðust í samfélaginu starfaði hluti starfsmanna skrifstofunnar heiman frá sér. Mikið var í gangi á meðan þessi skerta þjónusta var, en að flestu leyti gekk þetta vel og voru miklar annir á símatíma. Skilningur félagsmanna á skertri þjónustu skrifstofunnar hefur verið góður.

#### 4. Kjaraviðræður, kynning og atkvæðagreiðsla

Kjarasamningsviðræður við Reykjavíkurborg, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu hafa verið og voru í fjarfundi og gengu illa í því umhverfi. Samningur náðist ekki við borgina fyrr en ríkissáttasemjari ákvað að nauðsynlegt væri að boða til fundar í húsakynnum ríkissáttasemjara. Samningur náðist við borgin þann 20. apríl og hefur sá samningur verið samþykktur af félagsmönnum. Samningurinn við borgina er að mörgu leyti eins og við ríkið og sveit, en þar kom inn sértækt viðbótarhækkun á símenntun. Illa hefur gengið að ná alvöru viðræðum í gang við forsvarsfólk SFV, en fulltrúar SLFÍ vilja m.a. uppfæra stofnanasamninginn samhliða gerð kjarasamningsins með gildistíma uppfærðs stofnanasamnings frá maí 2021. Ekki hefur verið boðað til næsta fundar, en SLFÍ lagði fram ákveðnar hugmyndir á síðasta fundi, sem ekki hefur verið svarað.

Samningar við smærri stofnanir eru í skoðun og það viðrað að semja jafnvel við þær stofnanir á undan SFV, ef ekkert þokast þar á næstu dögum. Fram kom að loknum þessum stærri samningum þurfi að fara í uppfærslu á samningum við smærri stofnanir, s.s eins og HNLFÍ og Reykjalund og fleiri.

#### 5. Fagháskólanám sjúkraliða, framvinda og staða málsins. Ályktun

SBF fór yfir hina langdregnu baráttu félagsins fyrir fagháskólanámi sjúkraliða, en forsvarsfólk SLFÍ hefur í langan tíma haft allar klær úti til að koma fagháskólanáminu á. Við gerð kjarasamningsins við ríkið var sérstaklega bókað að allt yrði gert til þess að hrinda fagháskólanáminu af stað sem allra fyrst og helst á komandi hausti, og var sú bókun gerð með vitund og vitneskju ráðherra sem málið varðar. Í framhaldi af því hefur verið þrýst á þá ráðamenn og er það vonandi að skila þeim árangri að fagháskólanámið fari af stað á komandi hausti, en það er enn ekki fast í hendi. SBF fór yfir drög að ályktun varðandi framhaldsnámið og var samþykkt að senda drögin á félagsstjórn og vinna hana áfram.

#### 6. Kynningarfundir vegna nýgerðra kjarasamninga

SBF fór yfir að til stæði að hún og GÖG yrðu með kynningarfundir á nýgerðum kjarasamningum, þ.s. farið verður yfir helstu atriði þeirra samninga og spurningum svarað. Til stóð að fara til Hornarfjarðar og þaðan yfir á Norðfjörð og Egilsstaði, en ferðinni til Egilsstaða og Norðfjarðar hefur verið frestað til 26. maí. Á Hornafirði þarf að skoða sérstaklega launaröðun sjúkraliða á sveitarfélagasamningnum þ.s. ákveðin óreiða virðist vera á launagögnunum þaðan.

#### 7. Ársskýrsla stjórnar

SBF fór yfir undirbúning og vinnslu ársskýrslu félagsins og var það rætt að hafa skýrsluna ýtarlegri en á síðasta ári, þ.s. í skýrslunni er til lengri tíma litið sögulegt utanumhald varðandi starfsemi félagsins á hverju ári. Skýrsludrög eru í vinnslu og ákveðið er að hafa hana rafræna.

#### Önnur mál

- Ályktun vegna stöðu lögreglu

Fundi slitið kl. 16.45

